

## Tryggingarskilmálar (UPR 7201/04) fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu - iðgjaldsendurgreiðsla sem lífeyristrygging - \*

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi er Veturliði Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku.

Slysatrygging hjá okkur með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu veitir þér tvöfalda tryggingu með einum samningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatryggingu) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lífun sem stöðugan lífeyri eða við fráfall sem eingreiðslu (lífeyristryggingu). Þessa endurgreiðslukröfu ábyrgjumst við óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Samningstímminn skiptist í tvö skeið þar sem boðið er upp á mismunandi greiðslur:

- Fyrri skeiðið nefnum við tímunn frá upphafi samningstímans til þess dags þegar umsamið er að lífeyrisgreiðslur úr lífeyristryggingunni hefjist (umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun).
- Seinna skeiðið nefnum við tímunn eftir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar.

Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar.

Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

## Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu hjá Allianz-félögunum (Allianz AB UPR-R 2000)

U 7201/04

### *Efnisyfirlit*

#### *Tryggingarumfang í slysatryggingu*

- 1 *Hvað er tryggt í slysatryggingu?*
- 2 *Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?*
- 2.1 *Örorkubætur*
- 2.2 *Slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente)*
- 2.3 *Biðtímabætur*
- 2.4 *Dagpeningar*
- 2.5 *Sjúkrahúsdagpeningar*
- 2.6 *Dánarbætur*
- 3 *Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?*
- 4 *Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir í slysatryggingu?*
- 5 *Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?*
- 6 *Hvers þarft þú að gæta í slysatryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?*

#### *Bótamál í slysatryggingu*

- 7 *Hvers ber að gæta eftir slys (skyldur)?*
- 8 *Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?*
- 9 *Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?*

#### *Tryggingarumfang í lífeyristryggingu*

- 10 *Hvað er tryggt í lífeyristryggingu?*
- 11 *Hve há er greiðslan úr lífeyristryggingu, hvenær er hún borguð út?*
- 12 *Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?*

\*Skilmálar þessir eru þýðing úr þýsku, ef mismunur er á þýska textanum og íslenska gildir þýski textinn.

- 13 *Hvenær og hvernig verður lífeyristryggingu þinni breytt í iðgjaldsfría lífeyristryggingu?*  
14 *Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupsvirðis lífeyristryggingar þinnar?*

#### *Útborganir úr lífeyristryggingunni*

- 15 *Hver fær útborgunina úr lífeyristryggingunni?*  
16 *Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr lífeyristryggingunni?*

#### *Samningstíminn*

- 17 *Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?*  
18 *Hvenær hefst tryggingarverndin?*  
19 *Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?*  
20 *Hvenær lýkur slysatryggingunni?*  
21 *Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamál?*  
22 *Hvað gerist ef slysatryggingunni er sagt upp fyrir lok samningstímans?*  
23 *Hvað gerist í hernaði?*

#### *Tryggingariðgjald*

- 24 *Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?  
Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?  
Hvernig og með hvaða skilyrðum er hægt að ákvarða iðgjaldið að nýju?*

#### *Önnur ákvæði*

- 25 *Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?*  
26 *Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?*  
27 *Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?*  
28 *Hvernig geturðu forðast að kröfur í slysatryggingunni tapist?*  
29 *Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?*  
30 *Hvaða dómstóll hefur lögsögu?*  
31 *Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?  
Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?*  
32 *Hvaða lög gilda?*  
33 *Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn?*  
34 *Hvaða sérstakar reglur gilda um tiltekna gjaldskrár?*  
35 *Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?*

## Tryggingarumfang í slysatryggingu

### 1. Hvað er tryggt í slysatryggingu?

- 1.1 Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysatryggingin er í gildi.
- 1.2 Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- 1.3 Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slysatilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.
- 1.4 Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlimi eða hrygg veldur því að
  - liðir snúast eða fara úr liði
  - vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir tagna eða rifna.
- 1.5 Við bendum á reglur um takmörkun bóta (töluliður 3), einstaklinga sem eru ekki tryggingarhæfir (töluliður 4) og útilokun (töluliður 5); þær gilda um allar tegundir bóta.

### 2. Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?

Fyrir fyrra skeiðið getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum.

Á seinna skeiðinu eru greiddar viðbótarbætur úr lífeyristryggingunni við alvarleg slys ef um örorku eða fráfall er að ræða. Greiðslunum og skilyrðunum fyrir þeim er lýst í töluliðum 10.2 og 11.3.

Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og tryggingarupphæðirnar koma fram í samningnum.

- 2.1 Örorkubætur.
  - 2.1.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
    - 2.1.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka).

Örorkan er

      - komin fram innan eins árs eftir slysið og
      - hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.
    - 2.1.1.2 Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
    - 2.1.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:
      - 2.1.2.1 Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð.
      - 2.1.2.2 Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi vegna slyssins.
        - 2.1.2.2.1 Við missi eða algjöra óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%	
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%	
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%	
Hönd	55%	
Þumalfingur	20%	
Vísifingur	10%	
Annar fingur	5%	
Fótleggur ofan við mitt læri		70%
Fótleggur að miðju læri	60%	
Fótleggur fyrir neðan hné	50%	
Fótleggur að miðjum kálfa	45%	
Fótur	40%	
Stóratá	5%	
Önnur tá	2%	
Auga	50%	
Heyrn á öðru eyra	30%	
Lyktarskyn	10%	
Bragðskyn	5%	

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustig.

- 2.1.2.2.2 Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.
- 2.1.2.2.3 Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt tölulið 2.1.2.2.1 og tölulið 2.1.2.2.2.
- 2.1.2.2.4 Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.
- 2.1.2.3 Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt tölulið 3 til örorku hins tryggða sem nemur minnst  
- 70% fyrir lok 25. aldurárs  
- 80% fyrir lok 50. aldursárs  
- 90% eftir lok 50. aldursárs  
greiðum við fimmfaldar örorkubætur. Miða skal við aldur hins tryggða þegar slysið verður.
- 2.1.2.4 Viðbótargreiðslan takmarkast fyrir hvern hinn tryggða við 1.000.000 EUR. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, Bayerische Versicherungsbank AG, Frankfurter Versicherungs-AG þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.
- 2.1.2.5 Falli hinn tryggði frá  
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða  
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið
- og hafi krafa um örorkubætur orðið til greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.
- 2.2. Slysalfeyrisgreiðslur (Unfallrente)
- 2.2.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
- 2.2.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða er varanlega skert vegna slyssins (örorka).

Örorkan er

- komin fram innan eins árs eftir slysið og  
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

- 2.2.1.2 Örorkestigið nemur að minnsta kosti  
- 50% við slys fyrir lok 60. aldursárs  
- 70% við slys eftir lok 60. aldursárs  
án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.2.2.3 og án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölulið 3.
- 2.2.1.3 Örorkestig vegna slyss er mælt samkvæmt ákvæðum töluliða 2.1.2.2.1 til 2.1.2.2.4.
- 2.2.1.4 Ekkert tilkall er til slysalífeyrisgreiðslna ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- 2.2.1.5 Falli hinn tryggði frá  
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða  
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið  
og hafi forsendur samkvæmt tölulið 2.2.1.1 verið uppfylltar greiðum við að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 50% eða 70%. Um mælingu örorkustigs gilda töluliðir 2.2.1.2 og 2.2.1.3 eftir því sem við á.
- 2.2.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:  
  
Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur óháð aldri hins tryggða í þeirri hæð sem umsamið var (tryggingarupphæð).
- 2.2.3 Byrjun og tímalengd.
- 2.2.3.1 Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur  
- afturvirkir frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð,  
- mánaðarlega fyrir fram.
- 2.2.3.2 Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða.  
  
Slysalífeyrisgreiðslum lýkur ennfremur í lok þess mánaðar þegar ný mæling samkvæmt tölulið 9.4 hefur leitt í ljós að örorkustig vegna slyssins hefur lækkað niður fyrir 50% eða 70%.
- 2.2.4 Hlutdeild í hagnaði meðan bótagreiðslur standa yfir.
- 2.2.4.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildar.  
  
Til að tryggja bótagreiðslur reiknum við með varlega áætlaðri 4% ávöxtun. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en þessi útreiknaða ávöxtun. Bótaþegar njóta gróðans sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.
- 2.2.4.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.  
  
Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi bótakrafa er hækkuð. Hækkuð bótakrafa er tryggð í áunninni hæð.  
  
Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram þegar bætur hafa verið þegar í minnst eitt ár.
- 2.2.4.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar.  
  
Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu réttlæta hækkun yfirstandandi bótakrafna.

Eftir tillögu endurskoðanda tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi bótaþrófur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins.

Ef til hækunar kemur greiðum við hækkaðar bætur frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða bótaþrófu.

#### 2.2.4.4. Tekjur.

Við notum minnst 70% vaxtatekna af varasjóðum – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra bótagreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.

Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar bótaþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færur þær einstökum bótaþegum til tekna sem hækkaðar bótaþrófur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu má yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.

#### 2.3 Biðtímabætur.

##### 2.3.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

2.3.1.1 Eðlileg líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða kvilla  
- eftir þrjá mánuði talið frá slysdegi um 100% (fyrsta stig) eða  
- eftir sex mánuði talið frá slysdegi um minnst 50% (annað stig).

2.3.1.2 Þessi skerðing hefur staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

2.3.1.3 Þú hefur krafist biðtímabótanna af okkur og lagt fram læknisvottorð á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.

##### 2.3.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:

Biðtímabætur fyrsta stigs eru greiddar jafnháar og nemur helmingi tryggingarupphæðarinnar, biðtímabætur annars stigs eru greiddar jafnháar og nemur fullri umsaminni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.

#### 2.4 Dagpeningar.

##### 2.4.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Vegna slyssins hefur hinn tryggði  
- skerta hæfni til vinnu og  
- er í lækni meðferð.

##### 2.4.2 Hæð og tímalengd greiðslu:

Dagpeningar eru reiknaðir samkvæmt umsaminni tryggingarupphæð. Þeim er skipt í flokka eftir staðfestu skerðingarstigi við vinnu eða iðju.

Dagpeningar eru greiddir meðan lækni meðferð stendur yfir, lengst í eitt ár, talið frá slysdegi.

#### 2.5 Sjúkrahúsdagpeningar.

##### 2.5.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Vegna slyssins er hinn tryggði í læknisfræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi.

Heilsubótardvöl (kúrar) svo og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum telst ekki læknisfræðilega nauðsynleg lækningameðferð.

#### 2.5.2 Hæð og tímalengd greiðslu:

Sjúkrahúsdagpeningar eru greiddir jafnháir og umsamin tryggingarupphæð fyrir hvern almanaksdag sjúkrahúsmeðferðarinnar, lengst þó í þrjú ár, talið frá slysdegi.

#### 2.6 Dánarbætur.

##### 2.6.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs.

Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt tölulið 7.5.

##### 2.6.2 Hæð tryggingargreiðslu:

Dánarbætur eru greiddar jafnháar og umsamin tryggingarupphæð.

### 3 **Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?**

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er samið um annað.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

### 4 **Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir í slysatryggingu?**

4.1 Þeir sem þurfa mikla eða mjög mikla umönnun í skilningi almannatrygginga svo og geðsjúklingar eru ekki tryggingarhæfir og eru ótryggðir þótt iðgjald sé greitt.

4.2 Tryggingarverndin fellur niður jafnskjótt og hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4.1. Jafnframt lýkur tryggingunni fyrir hann. Um lífeyristrygginguna gildir töluliður 11.6.

4.3 Iðgjald sem greitt hefur verið fyrir ótryggingarhæfa einstaklinga eftir að tryggingarvanhæfni kom upp greiðum við til baka.

### 5 **Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?**

5.1 Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

5.1.1 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.

Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þennan samning.

5.1.2 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.

5.1.3 Slys sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika.

Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis.

Þessi tryggingarvernd fellur niður á við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur.

Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki um slys af völdum kjarna- sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjana, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.

- 5.1.4 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir
- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
  - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
  - við notkun geimfara.
- 5.1.5 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem bílstjóri eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- 5.1.6 Slyss sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.
- 5.2 Þar að auki eru eftirfarandi tjón útilokuð:
- 5.2.1 Brjós-klos, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsökin er slystilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt tölulið 1.3.
- 5.2.2 Heilsutjón vegna geislunar.
- 5.2.3 Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra.
- Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.
- 5.2.4 Sýkingar.
- 5.2.4.1 Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af
- skordýrastungum eða -biti eða
  - öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum sem sýklar bárust inn í líkamann þegar í stað eða seinna.
- 5.2.4.2 Tryggingarverndin gildir þó fyrir
- hundaæði og stífkampa og einnig fyrir
  - sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slyss sem ekki eru útilokuð samkvæmt tölulið 5.2.4.1.
- 5.2.4.3 Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir töluliður 5.2.3, önnur málsgrein, eftir því sem við á.
- 5.2.5 Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.
- 5.2.6 Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.
- 5.2.7 Maga- eða kviðslytt.



Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

## **6 Hvers þarft þú að gæta í slysstryggingu þegar breytt er um starf eða iðju?**

- 6.1 Breytingu á starfi eða iðju hins tryggða (herskylduþjónusta, borgaraleg þjónusta eða hernaðarlegar varaliðsæfingar teljast ekki til þess) verður þú að tilkynna okkur tafarlaust því hæð tryggingarupphæðanna og/eða iðgjaldsins er ótvírætt háð þessum aðstæðum.
- 6.2 Reiknist lægri tryggingarupphæðir með sömu iðgjöldum eftir að breytingin varð gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá breytingunni. Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir gilda þær þegar einn mánuður er liðinn frá breytingunni.

Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

## **Bótamál í slysstryggingu**

### **7 Hvers ber að gæta eftir slys og á lífeyrisgreiðslutímabilinu? (skyldur)**

- 7.1 Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur. Eftir slys, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.
- 7.2. Slysatilkyninguna, sem við sendum, verður þú eða hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.
- 7.3 Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.
- 7.4 Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, vátryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
- 7.5 Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið.
- Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.
- 7.6 Ef hinn tryggði andast á lífeyrisgreiðslutímabilinu verður að tilkynna það án tafar til okkar.

### **8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?**

Ef skylda, sem uppfylla ber eftir að slys hefur orðið, er vanrækt missir þú tryggingarverndina, nema þú hafir hvorki vanrækt skylduna af ráðnum hug né af vítaverðu gáleysi.

Við vanrækslu af vítaverðu gáleysi heldur þú tryggingarverndinni að svo miklu leyti sem vanrækslan hefur hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins né á ákvörðun bótaupphæðar.

Við vanrækslu af ráðnum hug heldur þú tryggingarverndinni í þessum tilfellum að svo miklu leyti aðeins ef vanrækslan var ekki til þess fallin að skaða hagsmuni okkar alvarlega eða ef sök þín er ekki mikil.

## 9 Hvenær falla greiðslur í slysatryggingu í gjalddaga?

- 9.1 Okkur er skylt að lýsa yfir því innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) innan þriggja mánaða – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:
- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
  - við örorkubótakröfur og slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.

Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við

- við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
- við slysalífeyrisgreiðslur (Unfallrente) upp að 10% mánaðarlífeyris,
- við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
- við dagpeninga og sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi.

- 9.2 Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásáttir við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.

- 9.3 Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu inn á örorkubótageiðsluna, en ekki fyrir slysalífeyrisgreiðslu (Unfallrente). Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð dánarbóta.

- 9.4 Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið.

Þennan rétt

- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt tölulið 9.1,
- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

## Tryggingarumfang í lífeyrstryggingu

### 10 Hvað er tryggt í lífeyrstryggingu?

- 10.1. Í lífeyrstryggingu greiðum við ævilangan mánaðarlegan lífeyri við lifun eða einstaka höfuðstólsupphæð við fráfall. Við alvarleg slys eftir lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við aukalegar lífeyris- og höfuðstólsgreiðslur.

- 10.2 Lifun telst það ef hinn tryggði í lífeyrstryggingunni lifir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun, fráfall ef hann fellur frá.

Alvarlegt slys telst það þegar slys leiðir til minnst 50% örorkustigs eða hinn tryggði í lífeyrstryggingunni fellur frá af völdum slyssins innan árs. Sjá um það tölulið 11.3.

- 10.3 Sé annað ekki tekið beinlínis fram í tryggingarskírteininu er hinn tryggði í lífeyrstryggingunni sá sami og hinn tryggði í slysatryggingunni.

### 11 Hve há er greiðslan úr lífeyrstryggingu, hvenær er hún borguð út?

Fyrir hvert greitt iðgjald ávinnur þú þér kröfu til lífeyrisgreiðslu ef þú lifir og endurgreiðslukröfu ef þú fellur frá. Tryggingarskattur og hlutagreiðsluálag tilheyra ekki endurgreiðslukröfunni. Áunnin endurgreiðslukrafa er heildarupphæð krafna sem áunnist hafa með öllum greiddum iðgjöldum.

- 11.1 Greiðsla við lifun.
- 11.1.1 Við lifun greiðum við umsaminn lífeyri ef þú hefur greitt öll iðgjöld eins og umsamið var. Við greiðum lífeyrinn mánaðarlega fyrir fram. Nemi mánaðarlífeyririnn að meðtöldum hækkandi hagnaðarlífeyri (töluliður 12.2.3) við byrjun lífeyrisgreiðslu minna en 50 EUR greiðum við allar mánaðarlífeyrisgreiðslur ársins í einni upphæð á miðju tryggingarárinu.
- Lífeyrisgreiðslum lýkur í lok mánaðarins þegar hinn tryggði í lífeyristryggingunni fellur frá. Við höfum rétt til þess að kanna forsendur fyrir lífeyrisgreiðslunni með því að krefjast lífsvottorðs. Ef vottorðið er ekki sent tafarlaust leggjast lífeyrisgreiðslur niður frá næsta gjalddaga.
- 11.1.2 Í stað ævilangs lífeyris getur þú einnig krafist þess að við greiðum þér hann út sem eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Höfuðstólsvalréttinn verður þú að nýta með skriflegri tilkynningu til okkar í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Höfuðstólsgreiðslan samsvarar áunninni endurgreiðslukröfu.
- 11.2 Dánarbætur.
- Við fráfall greiðum við áunna endurgreiðslukröfu. Á seinna skeiðinu er umsaminn lífeyrir – sem þegar hefur verið greiddur – dreginn frá.
- 11.3 Bætur við alvarleg slys.
- Um það gilda ákvæðin um tryggingarumfang (töluliðir 1-5) og bótamál (töluliðir 7-9) í slysatryggingu, að svo miklu leyti sem þau snerta örorkubætur og dánarbætur.
- 11.3.1 Verði hinn tryggði í lífeyristryggingunni fyrir slysi eftir lífeyrisgreiðslubyrjun sem leiðir til örorkustigs sem nemur minnst 50% (töluliður 10.2) tvöföldum við mánaðarlífeyrinn sem greiddur var síðast fyrir slysið úr lífeyristryggingunni. Við greiðum þennan lífeyri frá byrjun mánaðarins þegar slysið átti sér stað. Að auki greiðum við einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 100-földum mánaðarlífeyrinum sem greiddur var síðast fyrir slysið úr lífeyristryggingunni.
- 11.3.2 Falli hinn tryggði í lífeyristryggingunni frá eftir lífeyrisgreiðslubyrjun vegna slyss innan eins árs eftir slysið (töluliður 10.2) greiðum við til viðbótar við greiðsluna samkvæmt tölulið 11.2 einstaka höfuðstólsgreiðslu sem nemur 12-faldri hæð mánaðarlífeyrisins sem greiddur var úr lífeyristryggingunni.
- 11.3.3 Ef hinn tryggði í lífeyristryggingunni er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4.1 gilda engar kröfur um viðbótargreiðslur við alvarleg slys.
- 11.4 Umsaminn lífeyri og endurgreiðslukröfu fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskírteininu.
- 11.5 Við ábyrgjumst allar greiðslur úr lífeyristryggingunni óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.
- 11.6 Falli slysatryggingin úr gildi á fyrra skeiðinu, af því að hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulið 4, greiðum við áunna endurgreiðslukröfu úr lífeyristryggingunni. Ef fleiri en einn eru tryggðir í lífeyristryggingunni fellur sú endurgreiðslukrafa í gjalddaga sem varð til vegna iðgjaldagreiðslu þess tryggða sem er ekki lengur tryggingarhæfur. Samningurinn helst óbreyttur að því er varðar hina tryggðu aðra en hann.
- 11.7 Lífeyrisgreiðslum flýtt.

Ef hinn tryggði í lífeyrstryggingunni er orðinn fullra 55 ára gamall og samningstíminn sem eftir er til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar nemur í hæsta lagi 5 árum getur þú í lok hvers tryggingarárs krafist þess að byrjun lífeyrisgreiðslu verði flýtt. Lífeyririnn er þá lækkaður í hlutfalli við það samkvæmt reglum tryggingastærðfræðinnar. Við umsókn þína færð þú tilboð um hæð lífeyris sem er flýtt. Ef þú tekur því lýkur þá slysatryggingarvernd og iðgjaldagreiðslu eins og upphaflega var umsamið, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun sem hefur verið flýtt.

Í stað þess að flýta lífeyrisgreiðslum getur þú einnig nýtt þér höfuðstólsvalréttinn (töluliður 11.1.2). Höfuðstólsgreiðslan samsvarar þávirði iðgjaldsfrú lífeyrstryggingarinnar (töluliður 14.2) og þá kemur ekki til frádráttar.

## **12 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?**

### **12.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildar.**

Við iðgjaldaútreikning byggjum við á tryggðri ávöxtun sem er varlega áætluð með tilliti til greiðslugetu. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en tryggð ávöxtun sem ákveðin er við iðgjaldaútreikning. Tryggingartakar fá hluta af hagnaðinum sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.

### **12.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.**

#### **12.2.1 Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyrja hagnaðarsambandinu UPR 1994.**

#### **12.2.2 Á fyrra skeiðinu er hagnaðarhlutdeildin veitt gegnum bónuskröfur og réttindi til væntanlegs lokahagnaðarluta.**

##### **12.2.2.1 Bónuskröfunum er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu við fráfall eða við nýtingu höfuðstólsvalréttar. Þess vegna er einnig greitt endurkaupsvirði byggt á þeim eftir sömu meginreglum og endurgreiðslukröfu ( töluliður 14).**

##### **12.2.2.2 Réttindi til væntanlegs lokahagnaðar falla aðeins í gjalddaga við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar og aðeins ef tryggingunni hefur á þeim tíma ekki verið sagt upp.**

#### **12.2.3 Á seinna skeiðinu er hagnaðarhlutdeild veitt gegnum aukalegan, ævilangan lífeyri (hækkandi hagnaðarlífeyri).**

##### **12.2.3.1 Hækkandi hagnaðarlífeyrir samanstendur af stöðugum og hækkandi hluta.**

##### **12.2.3.2 Stöðugi hlutinn er greiddur úr þeirri heildarupphæð sem áunnist hefur við lífeyrisgreiðslubyrjun með bónuskröfum og lokahagnaðarréttindum; eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er hæð hans einnig tryggð.**

##### **12.2.3.3 Hækkandi hlutinn er greiddur af þeim hagnaði sem hefur náðst á seinna skeiðinu. Hækkun þessa hluta kemur þannig til að heildarlífeyririnn ( umsaminn lífeyrir að viðbættum öllum hagnaðarlífeyri) er hækkaður árlega. Hækkandi hlutinn sjálfur og árlegar hækkanir er aðeins greiddar svo lengi og í þeirri hæð sem hagnaðarþróunin nægir til þess.**

##### **12.2.3.4 Árleg hækkun heildarlífeyris fer fyrst fram einu ári eftir lífeyrisgreiðslubyrjun.**

#### **12.2.4 Til viðbótar við 12.2.3 getur þú krafist þess að við greiðum á seinna skeiðinu við fráfall hins tryggða í lífeyrstryggingunni – auk greiðslunnar sem tilgreind er í tölulið 11.2 – þá upphæð úr hagnaðarhlutdeildinni sem hefði verið greidd sem hagnaðarhlutdeild ef höfuðstólsvalrétturinn hefði verið nýttur.**

- 12.2.4.1 Í því tilfalli drögum við greiddan lífeyri frá í þeirri hæð sem hann er tryggður frá lífeyrisgreiðslubyrjun (umsaminn lífeyrir að viðbættum stöðuga hluta hækkandi hagnaðarlífeyrisins). Hækkandi hluti hækkandi hagnaðarlífeyrisins er ekki dreginn frá og ekki lífeyrisgreiðslur sem byggjast á tvöföldun við slys samkvæmt tölulið 11.3.1.
- 12.2.4.2 Ef þú velur þessar hækkuðu dánarbætur verður þú að nýta valréttinn í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Ef hækkadar dánarbætur eru valdar verður þú að greiða aukalega eingreiðslu eða við verðum að lækka heildarlífeyrinn. Við gerum þér tilboð ef óskað er.
- 12.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar.
- 12.3.1 Krafa til hagnaðarhlutdeildar kemur fyrst til þegar þú hefur greitt iðgjöld fyrir minnst tvö tryggingarár í þeirri hæð sem samið var um í upphafi.
- 12.3.2 Bónuskrafan, sem bætist við árlega á fyrra skeiðinu, er reiknuð út með föstu prósentustigi af heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu sem hefur áunnist við lok undanfarins tryggingarárs.
- 12.3.3 Lokahagnaður sem bætist við á fyrra skeiðinu er reiknaður út með föstu prósentustigi á iðgjaldsári af áunninni heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu.
- 12.3.4 Hækkandi hagnaðarlífeyrir sem bætist við á seinna skeiðinu er ákveðinn í samningi þínum með föstu prósentustigi af umsömdum lífeyri. Með þessu prósentustigi fæst hæð lífeyris við lífeyrisgreiðslubyrjun. Prósentustig verður einnig ákveðið fyrir seinni hækkanir heildarlífeyrisins.
- 12.3.5 Stjórn okkar ákveður prósentustigin árlega að tillögu endurskoðanda.
- 12.3.6 Við tilgreinum þróun hagnaðarhlutdeildar á grundvelli uppgefina prósentustiga við samningsgerð svo og prósentustigin sjálf í tryggingarskírteininu. Gagnstætt endurgreiðslukröfu og umsömdum lífeyri getum við ekki ábyrgst þau þar sem þau eru háð hagnaðarþróun í framtíðinni. Ef prósentustigin fyrir samning þinn breytast frá þeim gildum sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu tilkynnum við þér um breytt stig og gildi.
- 12.4 Fjárfesting / tekjur.
- 12.4.1 Til að tryggja alla tryggingartæknilega varasjóði lífeyristryggingarinnar er baktryggingarvarasjóðurinn UPR.
- 12.4.2 Fjármagnstekjur sem skapast þar leggjum við í baktryggingarvarasjóðinn að frádregnum kostnaði við eignastýringuna.
- 12.4.3 Við notum minnst 90% hagnaðar sem færður er til tekna – að frádregnum þeim hluta sem nota þarf til greiðslu úr lífeyristryggingunni á grundvelli tryggðrar ávöxtunar sem ákveðin er við iðgjaldaútreikning – til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka.
- 12.4.4 Arðinn sem notaður er til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færum hann beint til tekna á einstaka samninga. Upphæðirnar sem lagðar eru í í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeildar tryggingartaka. Með samþykki eftirlitsyfirvalda getum við í undantekningartilvikum gripið til varasjóðs fyrir iðgjaldsendurgreiðslu hinum tryggðu í hag til að koma í veg fyrir neyðarástand (t.d. til að bæta tap).
- 12.4.5 Ef fjármagn er tekið úr baktryggingarvarasjóðnum er þávirði þess fært honum til tekna.

- 12.4.6 Baktryggingarvarasjóðurinn er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.
- 12.5 Breytingar ákvæða um hagnaðarhlutdeild.
- Um breytingar ákvæða um hagnaðarhlutdeild gildir töluliður 24.6 eftir því sem við á.

**13 Hvenær og hvernig verður lífeyristryggingu þinni breytt í iðgjaldsfría lífeyristryggingu?**

- 13.1 Ef iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun vegna þess að
- þú hefur samið um það við okkur eða
  - slysatryggingunni var sagt upp
- og þú hefur greitt iðgjöld fyrir meira en eitt tryggingarár breytum við lífeyristryggingu þinni í iðgjaldsfría lífeyristryggingu, annars lýkur lífeyristryggingunni án kröfu.
- 13.2 Hafir þú greitt iðgjöld fyrir minnst þrjú tryggingarár helst áunnin endurgreiðslukrafa sem andlátsupphæð; áður er ekki tekið tillit til endurgreiðslukröfu fyrsta tryggingarársins. Umsaminn lífeyrir við lifun er lækkaður í hlutfalli andlátsupphæðar iðgjaldsfríu lífeyristryggingarinnar við áunna endurgreiðslukröfu við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun án uppsagnar. Nánari upplýsingar um greiðslur úr iðgjaldsfríu lífeyristryggingunni og einnig um ókosti sem fylgja því að hætta iðgjaldsgreiðslum á fyrstu þremur árunum getur þú fengið í yfirliti um greiðslur úr lífeyristryggingunni sem er í tryggingarskírteininu þínu.
- 13.3 Ef andlátsupphæð iðgjaldsfríu lífeyristryggingarinnar samkvæmt tölulið 1.2. er lægri upphæð en 1000 EUR helst samningurinn ekki áfram heldur eru kröfurnar greiddar með útborgun endurkaupvirðisins samkvæmt tölulið 14.

**14 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupvirðis lífeyristryggingar þinnar?**

- 14.1 Þú getur aðeins krafist útborgunar endurkaupvirðisins fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun og aðeins ef lífeyristryggingunni hefur áður þegar verið breytt í iðgjaldsfría lífeyristryggingu (sjá um það tölulið 13.1). Með útborgun endurkaupvirðisins eru kröfur sem falla fyrst í gjalddaga við lifun eða fráfall greiddar fyrir tímenn; hlutagreiðsla er möguleg ef óskað er.
- 14.2 Endurkaupvirðið er reiknað út eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar sem þávirði iðgjaldsfríu lífeyristryggingarinnar, með frádrætti sem nemur 4% þávirðis. Við útreikning þávirðisins er byggt á tryggðri ávöxtun sem ákveðin er við iðgjaldáútreikning. Þessa tryggðu ávöxtun og endurkaupvirðið tilgreinum við í tryggingarskírteininu.
- Útborgun endurkaupvirðisins hefur ókosti í för með sér. Endurkaupvirðið er lægra en áunnin endurgreiðslukrafa. Nánari upplýsingar um hæð endurkaupvirðisins getur þú fengið í yfirliti um greiðslur úr lífeyristryggingunni sem er í tryggingarskírteininu þínu.
- 14.3 Fyrir þegar áunnar bónuskröfur gilda töluliðir 14.1 og 14.2 eftir því sem við á. Greiðsla fyrir tímenn er aðeins möguleg sameiginlega með endurgreiðslukröfu.

**Útborganir úr lífeyristryggingunni**

**15 Hver fær útborgunina úr lífeyristryggingunni?**

- 15.1 Við lifun og við endurkaup er útborgunin greidd til þín, ef þú hefur ekki samið við okkur um annað.

- 15.2 Við fráfall er útborgunin greidd til þess einstaklings sem þú hefur í þessu tilfelli tilgreint sem þann tryggingarþega sem á að eignast kröfurnar úr lífeyristryggingunni.
- Hafir þú ekki tilgreint neinn tryggingarþega greiðum við til þín eða erfingja þinna.
- Hafi þegar verið greidd útborgun úr lífeyristryggingunni skerðist krafa úr lífeyristryggingunni við fráfall sem því nemur.
- 16 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr lífeyristryggingunni?**
- 16.1.1 Við greiðum endurkaupsvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum einnig krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn.
- Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.
- 16.1.2 Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.
- 16.2 Fráfall hins tryggða í lífeyristryggingunni skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir tölulið 7.5.

## Samningstíminn

- 17 Fyrir hve langan tíma gildir samningurinn?**
- 17.1 Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir tímann frá upphafi samningstímans til fráfalls hins tryggða í lífeyristryggingunni.
- 17.2 Hægt er að semja um að tímalengd slysatryggingarinnar og iðgjaldagreiðslutíminn komi ekki heim við tímalengd fyrra skeiðsins.
- 18 Hvenær hefst tryggingarverndin?**
- Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi töluliðs 24.2.1.
- 19 Hvenær lýkur tryggingarsamningstímanum?**
- Tryggingarsamningum lýkur
- við fráfall hins tryggða í lífeyristryggingunni
  - við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun ef höfuðstólsvalréttur er nýttur
  - ef slysatryggingunni var lokið með samkomulagi eða uppsögn fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun og ef kröfurnar úr lífeyristryggingunni voru auk þess greiddar með útborgun endurkaupsvirðisins fyrir tímann
  - ef við greiðum áunna endurgreiðslukröfu úr lífeyristryggingunni samkvæmt tölulið 11.6.
- 20 Hvenær lýkur slysatryggingunni?**
- 20.1 Slysatryggingunni lýkur á umsömdum tíma, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.
- 20.2 Einnig er hægt að ljúka henni með skriflegri uppsögn:

af þinni hálfu við lok tryggingarársins; uppsögnin verður að hafa borist okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma;

af okkar hálfu, ef þú ert í vanskilum með framhaldsiðgjald samkvæmt tölulið 24.3.4.

20.3 Henni lýkur einnig ef hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur (töluliður 4.1)

## **21 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamál?**

Þú eða við getum lokið slysatryggingunni með uppsögn ef við höfum innt greiðslu af hendi eða þú hefur höfðað mál gegn okkur til greiðslu á bótakröfu.

Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bótagreiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að kæra er dregin til baka, krafa viðurkennd, sátt hefur náðst eða dómur hefur tekið gildi.

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs.

Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

## **22 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?**

22.1 Ef slysatryggingunni er lokið samkvæmt tölulið 20 eða tölulið 21 lýkur einnig iðgjaldsgreiðslu á sama tíma.

22.2 Ákvæði um það hvenær og hvernig slysatryggingu er breytt í iðgjaldsfría lífeyristryggingu eru í tölulið 13.

## **23 Hvað gerist í hernaði?**

23.1 Tryggingarvernd hins tryggða verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjana, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.

23.2 Lífeyristryggingin helst áfram iðgjaldsfrí með áunninni endurgreiðslukröfu svo lengi sem tryggingarverndin í slysatryggingunni er óvirk. Umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun frestast um þann tíma sem hún er óvirk. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma er í stað endurgreiðslukröfunnar greitt þávirði iðgjaldsfríu lífeyristryggingarinnar reiknað eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

## **Tryggingariðgjald**

### **24 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma? Hvernig og með hvaða skilyrðum er hægt að ákvarða iðgjaldið að nýju?**

24.1 Iðgjald og tryggingarskattur.

Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.

24.2 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / fyrsta eða einstakt iðgjald.



- 24.2.1 Gjalddagi og réttur greiðslutími.
- Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjalddaga – ef annað er ekki umsamið – strax eftir gerð samningsins. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir viðtöku tryggingarskírteinisins og greiðsluáskorunarinnar, svo og eftir lok 14 daga andmælafrests sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.
- Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald.
- 24.2.2 Tryggingarvernd byrjar seinna.
- Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma, heldur seinna, gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma.
- 24.2.3 Riftun.
- Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem iðgjaldið er ógreitt. Það telst riftun ef við berum ekki fram kröfu um fyrsta eða einstakt iðgjald fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gerð samningsins.
- 24.3 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / framhaldsiðgjald.
- 24.3.1 Gjalddagi og réttur greiðslutími.
- Framhaldsiðgjöld falla í gjalddaga, ef annað er ekki umsamið, fyrsta hvers mánaðar á umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma.
- Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu eða á iðgjaldsreikningnum.
- 24.3.2 Vanskil.
- Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma ert þú komin í vanskil, án innheimtu, nema þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.
- Við sendum þér skriflega greiðsluáskorun og veitum þér að minnsta kosti tveggja vikna greiðslufrest.
- Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.
- 24.3.3 Engin tryggingarvernd.
- Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests gildir engin tryggingarvernd frá þeim tíma uns greiðsla hefur farið fram, ef þér hafði verið bent á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2, málsgrein 2.
- 24.3.4 Uppsögn.
- Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests getum við sagt samningnum upp, ef við höfum bent þér á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2, málsgrein 2.
- Ef við höfum sagt upp og þú greiðir síðan innan eins mánaðar iðgjaldið, sem rukkað var, gildir samningurinn áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að uppsögnin berst og greiðslan kemur inn gildir þó engin tryggingarvernd.

- 24.4 Réttur greiðslutími með skuldfærslubeiðni.
- Ef samið er um að iðgjaldið sé skuldfært af reikningi telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið á þeim gjalddaga sem tilgreindur er í tryggingarskránni og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu.
- Ef við höfum ekki getað skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega.
- Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.
- 24.5 Afborganir og afleiðingar greiðsluseinkunar.
- Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum falla allar afborganir í gjalddaga ef þú lendir í vanskilum með eina afborgun.
- Ennfremur getum við framvegis krafist árlegrar iðgjaldsgreiðslu.
- 24.6 Ákvörðun iðgjalds að nýju.
- Við höfum rétt til þess að ákvarða iðgjaldið að nýju
- ef breyting hefur orðið frá tæknilegum útreikningaforsendum og iðgjaldi sem er reiknað samkvæmt þeim á þörfinni fyrir fullnustu greiðslna úr lífeyrstryggingunni og
  - ef þessi breyting var ekki fyrirsjáanleg og verður ekki talin tímabundin.
- Endurákvörðun er aðeins leyfileg ef
- hún telst nauðsynleg til að tryggja varanlega fullnustu greiðslna úr lífeyrstryggingunni og
  - óháður fjárhaldsmaður hefur kannað útreikningsforsendurnar og aðrar forsendur fyrir breytingunni og staðfest að hún sé hæfileg.
- Iðgjaldið er þá ákvarðað að nýju samkvæmt leiðréttum útreikningsforsendum.

## Önnur ákvæði

- 25 **Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar við samning þinn?**
- Gerð tryggingarsamninga hefur kostnað í för með sér. Þessi svonefndi samningskostnaður hefur þegar verið tekinn með í reikninginn við útreikning iðgjalda og er því ekki gjaldfærður sérstaklega.
- Kostnaður sem verður við samningsbyrjun er greiddur með iðgjöldunum á samningstímanum. Millifærsluáferðin sem tilgreind er í § 4 í Bótasjóðsreglugerðinni (Zillmeráferð) er einnig notuð við samning þinn.
- Fjárhagslega hefur þetta í för með sér að fyrstu árin er engin eða skert upphæð fyrir hendi í iðgjaldsfríu lífeyrstryggingunni og þar með líka ekkert eða skert endurkaupsvirði. Nánari upplýsingar um þetta færðu undir tölulið 13.2 og tölulið 14.2 og í yfirliti um greiðslur úr lífeyrstryggingunni í tryggingarskránni þínu.
- 26 **Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?**
- 26.1 Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

- 26.2 Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.
- 26.3 Kröfur úr slysatryggingunni og úr lífeyristryggingunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar.
- 26.4 Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lifanda lífi.

## **27 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?**

- 27.1 Fullkomnar og réttar upplýsingar um aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Þér eða umboðsmanni þínum ber skylda til þess við gerð samningsins að tilkynna okkur um allar aðstæður, sem þér eru kunnar og skipta máli fyrir hættumat, skriflega, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust og einkum að svara öllum spurningum í tryggingarumsókninni á þann hátt. Þær aðstæður skipta máli fyrir hættumat sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni. Aðstæður sem við höfum spurt um beint og skriflega teljast skipta máli fyrir hættumat ef um vafa er að ræða.

Ásamt þér er hinn tryggði ábyrgur fyrir því að tilkynnt sé sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, og að spurningum, sem beint er til þín, sé svarað á sama hátt.

Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum eða fulltrúa án umboðsvalds og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, verður þú að láta koma þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á sviksamlegan hátt.

- 27.2 Riftun.

- 27.2.1 Forsendur og framkvæmd riftunar.

Ófullkomnar og rangar upplýsingar um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, veita okkur rétt til þess að rifta tryggingarsamningnum. Það gildir einnig ef aðstæður eru ekki eða ranglega tilgreindar af því að þú hefur á sviksamlegan hátt forðast að kynna þér sannleikann.

Riftunin getur aðeins farið fram innan eins mánaðar. Fresturinn hefst með þeim tíma þegar við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni. Riftunin fer fram með yfirlýsingu til þín.

- 27.2.2 Útilokun riftunarréttis.

Við höfum engan riftunarrétt ef við höfðum vitneskju um hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat.

Það sama gildir ef þú sannar að hvorki þú né umboðsmaður þinn hafi gefið hinar röngu eða ófullkomnu upplýsingar á saknæman hátt.

Ef þú áttir að tilgreina aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, samkvæmt skriflegum spurningum okkar getum við þá aðeins rift vegna ótilgreindra aðstæðna, sem ekki var beinlínis spurt um, ef þú eða umboðsmaður þinn þögðuð um þær á sviksamlegan hátt.

- 27.2.3 Afleiðingar riftunar.

Komi til riftunar fellur tryggingarverndin niður.

Ef þegar hefur komið til bótamáls megum við ekki neita um tryggingarvernd ef þú sannar að hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður hefðu hvorki haft áhrif á að til bótaskyldu kom né á umfang bótanna.

Komi til riftunar er okkur og þér skylt að endurgreiða móttæknar greiðslur; greiða ber vexti af fjárhæð frá móttöku.

Úr lífeyristryggingunni færð þú endurkaupsvirðið sem reiknað er út á riftunartímanum (töluliður 14.1). Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda sem greidd voru þangað til.

### 27.3 Upphæðalækkun eða uppsagnarréttur.

Ef riftunarréttur okkar er útilokaður vegna þess að brotið gegn tilkynningaskyldu þinni var ekki saknæmt og lægri tryggingarupphæðir eru hæfilegar með sama iðgjaldi vegna aukinnar áhættu gilda þessar lægri upphæðir frá því að vitneskjan berst okkur. Það sama gildir ef okkur var ekki við gerð samningsins greint frá aðstæðum sem skipta máli við að taka áhættuna vegna þess að þær voru þér ókunnar.

Ef ekki er unnt að taka aukna áhættu samkvæmt grundvallarreglum fyrirtækis okkar þótt iðgjaldið sé hækkað getum við sagt tryggingarsamningnum upp með eins mánaðar uppsagnarfresti frá því að við fengum vitneskju um brotið gegn tilkynningaskyldunni. Uppsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist til þín.

Rétturinn til upphæðalækkunar eða uppsagnar fellur niður ef hann er ekki nýttur innan eins mánaðar frá þeim tíma þegar við fengum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni eða aðstæður sem ekki voru tilgreindar.

### 27.4 Véfenging.

Réttur okkar til að véfengja samninginn vegna sviksamlegra blekkinga um áhættuaðstæður helst óhaggaður.

## 28 Hvernig geturðu forðast að kröfur í slysstryggingunni tapist?

28.1 Þú átt enga kröfu til tryggingarverndar ef þú heldur bótakröfunni ekki fram fyrir dómi innan sex mánaða.

28.2 Fresturinn hefst þegar þér berst skrifleg höfnun okkar. Að virða ekki frestinn hefur þá aðeins lagaleg áhrif ef við höfum í bréfi okkar bent á nauðsyn þess að halda kröfunni fram fyrir dómi innan réttis frests.

## 29 Hvenær fynrast kröfur samkvæmt samningnum?

29.1 Kröfur úr slysstryggingunni fynrast á tveimur árum. Kröfur úr lífeyristryggingunni fynrast á fimm árum. Fresturinn hefst með lokum ársins þegar hægt er að gera bótakröfurnar.

29.2 Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu telst tíminn frá tilkynningunni þangað til skriflegur úrskurður okkar berst ekki með við útreikning frestsins.

## 30 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?

30.1 Hvaða dómstóll hefur lögsögu um kærur gegn okkur vegna tryggingarsamningsins ákvarðast af aðsetri okkar eða því útibúi okkar sem sá um tryggingarsamninginn. Ef tryggingaumboðsmaður hefur unnið að gerð samningsins fellur lögsagan einnig undir dómstól á þeim stað þar sem tryggingaumboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar samningsgerðin eða miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.

30.2 Við getum lagt fram kröfur gegn þér við dómstólinn sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili.

**31 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?  
Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?**

31.1 Allar tilkynningar og yfirlýsingar, sem eru ætlaðar okkur, verður þú að afhenda skriflega. Þær skal senda til aðalstöðva okkar eða til þeirra hlutaðeigandi útibúa sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu eða viðbótum við það.

31.2 Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á pósthfangi þínu nægir að senda viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsing okkar öðlast gildi á þeim tíma þegar hún hefði borist þér með reglulegum bréfburði án breytingar pósthfangs.

**32 Hvaða lög gilda?**

Um þennan samning gilda þýsk lög.

**33 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn?**

Innan ramma tímareiknings þíns getur þú sótt um það vegna veikinda eða atvinnuleysis að slysatryggingarvernd þín gildi áfram í takmarkaðan tíma án iðgjaldsgreiðslu í sama umfangi og áður (iðgjaldsfrí slysatrygging).

Eftirtaldir skilmálar gilda:

33.1 Þú getur gert tilkall til iðgjaldsfrírar slysatryggingar ef

- þú ert lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða ef þú ert á atvinnuleysisbótum,
- slysatryggingarvernd var í gildi þegar tilkynning um vinnuvanhæfni þína eða atvinnuleysi barst okkur,
- samningurinn hafði á þeim tíma verið í gildi í minnst tólf mánuði og þú varst ekki orðin(n) fullra 65 ára.

33.2 Eftir umsókn þína gerum við þér tilboð um iðgjaldsfría slysatryggingu. Þér ber að staðfesta vinnuvanhæfni þína eða atvinnuleysi og hvenær það ástand hófst með undirskrift þinni. Við höfum rétt til þess að krefjast viðeigandi sönnunar frá þér. Ef rangar upplýsingar eru gefnar gildir engin iðgjaldsfrí slysatrygging innan ramma tímareikningsins.

33.3 Á samningstímanum getur þú margsinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírar slysatryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Hún er þér til ráðstöfunar í allt að sex mánuði fyrir hvert bótamál og allt að tólf mánuði ef samningur þinn hefur verið minnst þrjú ár í gildi.

33.4 Iðgjaldsfría slysatryggingin hefst með næsta iðgjaldsgjalddaga eftir tilkynningu þína þar sem iðgjald er ógreitt Henni lýkur með næsta gjalddaga eftir lok vinnuvanhæfni þinnar eða atvinnuleysis, í síðasta lagi við lok bótafrestanna sem tilgreindir eru í töluilið 33.3.

33.5 Á gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar ber ekki að greiða nein iðgjöld.

33.6 Iðgjaldsgreiðsluskyldan verður aftur virk þegar iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur; þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok vinnuvanhæfni þinnar eða atvinnuleysis.

33.7 Lífeyrstrygging við fráfall gegnum áunna endurgreiðslukröfu helst í gildi. Allar tímasetningar sem tilgreindar eru í yfirlitinu sem þú fékkst um greiðslur úr lífeyrstryggingunni frestast um gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

#### **34 Hvaða sérstakar reglur gilda um tilteknar gjaldskrár?**

34.1 Slysatrygging með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu fyrir ungt fólk III J og einstaklinga III FM; slysalífeyrisgreiðsla (Unfallrente) með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu.

34.1.1 Eiginfjármögnun.

Ef slys leiðir til, samkvæmt tölulíðum 2.1.1 og 2.1.2.2. og samkvæmt tölulíð 3., til örorku hins tryggða a.m.k.

- 70% fyrir 25 ára aldur
- 80% fyrir 50 ára aldur
- 90% frá 50 ára

gildir eftirfarandi:

34.1.1.1 Iðgjaldsgreiðslu lýkur frá næsta iðgjaldsgjaldsdaga eftir slysdaginn.

34.1.1.2 Við höldum slysatryggingunni áfram út umsaminn samningstíma í sama umfangi og fyrr og kröfurnar úr lífeyrstryggingunni þróast áfram fram að umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun eins og iðgjöldin væru greidd eins og áður.

34.1.1.3 Ef hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulíð 4 vegna slyssins breytum við lífeyrstryggingunni með fráviki frá tölulíð 11.6 í iðgjaldsfría lífeyrstryggingu. Við fráfall kemur þá með fráviki frá 11.2 endurgreiðslukrafan sem hægt er að ná við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun í stað áunninnar endurgreiðslukröfu. Við lifun er greiddur umsaminn lífeyrir.

#### **35 Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?**

35.1 Við höfum rétt til þess að breyta viðkomandi skilmálum, bæta við þá eða setja aðra í stað þeirra (aðlögun) við

- breytingu á gildandi lagareglum eða gildistöku nýrra lagareglna sem hafa bein áhrif á einstök ákvæði samningsins;
- breytingar á dómgæslu á æðsta dómstigi sem snerta tryggingarsamninginn;
- löglega bindandi úrskurð dómstóls um ógildingu einstakra skilmála;
- andmæli tryggingaeftirlits eða samkeppnisstofnunar með gildri stjórnsýsluaðgerð gegn einstökum skilmálum þar sem þeir samrýmist ekki gildandi lögum eða
- brot einstakra skilmála gegn viðmiðunarreglum eða umburðarbréfum tryggingaeftirlits eða samkeppnisstofnunar.

35.2 Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir skilmála um viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur þínar eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.

35.3 Aðlögun er aðeins leyfileg ef ofanefndar breytingarástæður valda verulegri truflun á því hlutfalli framlags og mótfamlags sem byggt var á við samningsgerð. Ef um ógilding eða andmæli gegn einstökum skilmálum er að ræða er aðlögunin auk þess aðeins leyfileg ef í lagafyrirmælunum felast engar reglur sem koma í stað skilmálanna sem voru ógiltir eða var andmælt.

35.4 Með aðlöguninni má hlutfallið milli framlags og mótfamlags sem byggt var á við samningsgerð ekki breytast þér í óhag þegar litið er á aðlögunina í heild (skerðingarbann). Aðlögunin verður að fara fram eftir meginreglum heildrænnar samningstúlkunar þar sem gætt er hagsmuna beggja aðila.

- 35.5 Aðlögunarréttur okkar gildir með áður nefndum skilyrðum um skilmála með sama meginefni ef úrskurðir dómstóla og yfirvalda beinast gegn öðrum tryggjendum.
- 35.6 Óháður fjárhaldsmaður verður að kanna og staðfesta að aðlögun sé leyfileg og hæfileg. Ákvæði tryggingaefirlitslaga um skipun fjárhaldsmanns gilda eftir því sem við á.
- 35.7 Við kynnum þér aðlagða skilmála skriflega og skýrum þá. Þeir teljast samþykktir ef þú andmælir ekki skriflega innan sex vikna eftir kynninguna. Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægir að senda andmælin í tæka tíð.
- 35.8 Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi. Innan fjögurra vikna eftir að andmælin berast getum við sagt upp slysstryggingunni með átta vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda áfram með samninginn án aðlögunar. Ákvæði um það hvenær og hvernig lífeyristryggingunni er breytt í iðgjaldsfría lífeyristryggingu eru í tölulíð 13.

## Sérstakir skilmálar um viðbótargreiðslur í slysstryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (BB Allianz AB UPR-R 2000)

---

Í viðbót við tölulíð tvö í Allianz AB UPR-R 2000 greiðum við viðbótargreiðslur sem lýst er hér á eftir án viðbótariðgjalds.

Ef í gildi er fleiri en ein slysstrygging fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingarfélaginu hf, Bayerische Versicherungsbank AG, Frankfurter Versicherungs-AG og Vereinte Versicherung AG er aðeins hægt að krefjast viðbótargreiðslna úr einum þessara samninga.

### **1 Lýtaaðgerðir.**

1.1 Forsendur fyrir greiðslum:

1.1.1 Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina.

Sem lýtaaðgerð telst lækni meðferð eftir lok lækningameðferðar í þeim tilgangi að bæta úr útlitsgöllum hins tryggða af völdum slyssins.

1.1.2 Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.

1.1.3 Þriðji aðli er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.

1.2 Tegund og hæð greiðslu.

1.2.1 Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar fyrir sannaðan

- læknskostnað og annan aðgerðarkostnað

- nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.

1.2.2 Við greiðum ekki bætur fyrir tannviðgerðir og gervitennur.

### **2. Björgunarkostnaður.**

2.1. Tegund greiðslu.

- 2.1.1 Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær.
- Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfir vofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.
- 2.1.2 Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum læknis á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.
- 2.1.3 Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum læknis eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.
- 2.1.4 Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.
- 2.2 Hæð greiðslu.
- 2.2.1 Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu.
- 2.2.2 Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.

### **3 Fjölskyldubætur.**

- 3.1 Tegund og forsendur greiðslu.
- 3.1.1 Á gildistíma samningsins bjóðum við tryggingarvernd fyrir þá sem bætast í fjölskyldu hins tryggða, sem sagt maka og eigin börn, á tímabili sem nemur þremur mánuðum í senn frá giftingu eða fæðingu.
- 3.1.2 Ef þú tilkynnir okkur um giftinguna eða fæðinguna innan þriggja mánaða tímabilsins framlengist tryggingarverndin fyrir nýja fjölskyldumeðlimi um þrjá mánuði fyrir maka og um níu mánuði fyrir börn.
- 3.1.3 Fyrir tryggingarvernd fjölskyldubóta gilda ákvæði Allianz AB UPR-R 2000; töluliður 2.1.2.3 (fimmfaldar örorkubætur) gildir ekki.
- 3.2. Hæð greiðslu.
- 3.2.1 Tryggingarupphæðir fyrir fjölskyldubætur fyrir hvern einstakling sem bætist við nema  
60.000 EUR fyrir örorku  
12.000 EUR við fráfall maka og  
6.000 við fráfall barns.